

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
400 ÍSAFIRÐI

Reykjavík 30. ágúst 2018
UST201709-132/T.Þ.
08.15.00

Efni: Tillögur/áætlanir sveitarstjórna um úrbætur í fráveitumálum

Í fyrrahaust gaf Umhverfisstofnun út skýrslu með samantekt um stöðu fráveitumála í landinu fyrir árið 2014. Skýrsluna er að finna á vefsíðu stofnunarinnar í 3. útgáfu. Samantektin byggir á upplýsingum frá heilbrigðisnefndum og er gerð skv. gr. 28 í reglugerð um fráveitur og skólp. Í þeirri grein segir m.a. að Umhverfisstofnun skuli leita eftir tillögum sveitarstjórnar telji stofnunin, eftir að leitað hefur verið eftir álitum umsagnaraðila, að úrbóta sé þörf.

Umhverfisstofnun fer nú fram á slíkar upplýsingar um þau þéttbýli sem ekki eru talin uppfylla kröfur fyrrnefndrar reglugerðar um meðferð og hreinsun skólps. Þar er um að ræða upplýsingar sem snúa að:

1. almennum kröfum um búnað fráveitna,
2. þéttbýli þar sem tilskilin hreinsun telst hafin en ákvæðum reglugerðarinnar um losunareftirlit og losunarmörk er ekki fylgt.
3. hugsanlegum skilgreiningum á síður viðkvæmum svæðum (eins þreps hreinsun) þar sem eru nú venjuleg svæði (tveggja þrepa hreinsun).

Farið er fram á að sveitarfélagið geri grein fyrir tillögum/áætlunum sínum um að koma frárennismálum þessara þéttbýla í það horf að þau uppfylli ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp. Það þarf að gera með því að fylla út í exel töflu sem verður send ykkur í tölvupósti. Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að skila umræddum gögnum í gagnagrunn Umhverfisstofnunar Evrópu og tekur uppsetningin töflunnar og atriðin sem beðið er um mið af því upplýsingaformi sem þar er notað.

Fylla þarf út í gullitaða reiti í töflunni. Í öðrum reitum eru upplýsingar sem liggja fyrir auk auðkennisnúmera og nafna þéttbýla, skólphreinsistöðva, útrása, viðtaka og vatnshlota.

Búast má við tilvikum þar sem þegar hafa verið gerðar nauðsynlegar úrbætur. Þá er augljóslega ekki þörf á að fylla út í gulu reitina. Þess í stað er þá óskað eftir að grunnupplýsingarnar í töflunni verði leiðréttar til samræmis. Sama gildir um rangar upplýsingar.

Þess er vinsamlegast farið á leit að þessar upplýsingar verði sendar stofnuninni fyrir 1. nóvember nk.